

D Ó M U R

Héraðsdóms Vestfjarða 2. apríl 2008 í máli nr. S-92/2007:

Ákærvaldið

(Ólafur Hallgrímsson fulltrúi)

gegn

Daníel G. Ingimundarsyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 15. febrúar sl., höfðaði lögreglustjórinn á Vestfjörðum með ákæru 14. nóvember 2007 á hendur ákærða, Daníel G. Ingimundarsyni, kt. ... Hafnargötu 20, Hólmavík;

„fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa föstudaginn 17. ágúst 2007, ekið vörubifreiðinni VV 360, um veg 61, Djúpveg við Hólmavík með 3.400 kg á framási bifreiðarinnar sem er 1.400 kg (9,7%) yfir leyfilegum þunga samkvæmt skráningarskírteini og með 6.200 kg á afturási bifreiðarinnar sem er 1.400 kg (29,2%) yfir leyfilegum þunga samkvæmt skráningarskírteini bifreiðarinnar og með heildarþunga bifreiðarinnar 9.600 kg sem er 2.110 kg (28,2%) yfir leyfilegum heildarþunga bifreiðarinnar samkvæmt skráningarskírteini en vegaeftirlitsmenn Vegagerðarinnar höfðu afskipti af ökumanninum við söluskála N1 á Hólmavík.

Telst þetta varða við 6. mgr. 10. gr. laga nr. 155/2007 um stærð og þyngd ökutækja, sbr. 1. mgr. 76. gr., sbr. 1 mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 23. gr. laga nr. 44/1993 og 186. gr. laga nr. 82/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.“

Af hálfu ákærða eru þær kröfur aðallega gerðar í málinu að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákærvalds, en til vara að honum verði gerð vægasta refsing sem lög frekast heimila. Þá krefst verjandi ákærða hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa úr ríkissjóði.

I.

Með bréfi 24. ágúst 2007 kærði Sveinn Ingi Lýðsson, staðgengill deildarstjóra hjá Vegagerðinni, ákærða til lögreglu fyrir meint brot gegn reglugerð nr. 155/2007 um stærð og þyngd ökutækja. Í skýrslu eftirlitsmanns hjá Vegagerðinni, sem kæruskýrslunni fylgdi, kemur fram að 17. ágúst 2007 hafi tveir eftirlitsmenn Vegagerðarinnar við hefðbundið eftirlit stöðvað bifreiðina VV-360 við söluskála N1 á Hólmavík, en bifreiðin hafði komið vestur Djúpveg nr. 61. Segir í skýrslunni að

við athugun hafi komið í ljós að afturás bifreiðarinnar var 1400 kg yfir leyfðum þunga samkvæmt skráningu ökutækis í Ökutækjaskrá. Þá hafi heildarþungi bifreiðarinnar verið 2110 kg yfir leyfðum þunga samkvæmt skráningu ökutækis í Ökutækjaskrá.

II.

Við fyrirtöku málsins 14. janúar sl. kom ákærði fyrir dóm ásamt verjanda sínum. Neitaði hann sök í málinu og vísaði til framburðar síns hjá lögreglu 3. október 2007 en þá var svo bókað eftir ákærða:

Vegagerðin bað mig að sækja þessa dráttarvél á þessum umrædda dráttarbíl. Ég sótti dráttarvélinu fyrir þá og sendi þeim reikning eins og vaninn er. Skráningin á dráttarbílnum sem ég var á er vitlaus. Skráð heildarþyngd er um 8 tonn, en eiginþyngd bílsins er röng. Ég fór með bílinn á vigt og þar var hann um 4600 kg en er sagður 5160 í skráningaskírteini.

Vegagerðin á að vita betur hvað þeir eru að biðja um. Ég vissi ekki hversu þung dráttarvélin var, það var þeirra í Vegagerðinni að vita þetta.

Er aðalmeðferð málsins fór fram 15. febrúar sl. upplýsti skipaður verjandi að ákærði hygðist ekki nýta sér rétt sinn til að vera viðstaddur og taka þátt í aðalmeðferðinni. Um afstöðu ákærða til sakargifta vísaði verjandinn til þeirrar afstöðu ákærða sem eftir honum var bókuð í þinghaldinu 14. janúar sl. samkvæmt ofansögðu.

III.

Sigurður Eyþór Valgarðsson, umferðareftirlitsmaður hjá Vegagerðinni, greindi svo frá fyrir dómi að umræddan dag hefði hann verið við störf ásamt starfsfélaga sínum, Valdimari Ágústi Steingrímssyni. Verkefni þeirra hefði meðal annars, líkt og endranær, verið eftirlit með því að virtar væru reglur um áspunga og heildarþunga ökutækja.

Vitnið sagði bifreiðina VV-360 hafa komið akandi inn til Hólmavíkur og þeir Valdimar Ágúst stöðvað hana við söluskála N1. Vitnið kvað sér hafa sýnst á dekkjum bifreiðarinnar að ækið væri frekar þungt og bifreiðin því verið vigtuð. Ákærða sagði vitnið ekki hafa gert athugasemdir við niðurstöður vigtunarinnar.

Fram kom hjá vitninu að störf þess væru algerlega óháð því í hvers eigu eða á hvers vegum bifreiðar væru. Tók vitnið sérstaklega fram að eftirlitið tæki einnig til bifreiða í eigu Vegagerðarinnar, sem og annarra bifreiða í verkum á hennar vegum. Engu máli hefði því skipt fyrir störf vitnisins þó svo ákærði upplýsti að hann væri að flytja tæki fyrir Vegagerðina.

Valdimar Ágúst Steingrímsson, umferðareftirlitsmaður hjá Vegagerðinni, kvaðst umræddan dag hafa verið við umferðareftirlit ásamt starfsfélaga sínum, Sigurði Eyþóri Valgarðssyni. Þeir Sigurður Eyþór hefðu verið staddir við söluskála N1 á Hólmavík er þeir hefðu veitt sérstaka athygli frekar lítilli flutningabifreið með

þunga vinnuvél. Hefðu þeir ákveðið að stöðva bifreiðina „... og prófa þungann ...“ og bifreiðin reynst allt of þung miðað við skráningu, sbr. það sem fram kæmi í fyrirbyggjandi vinnuskýrslu þeirra.

Vitnið taldi sig reka minni til þess að ökumaður bifreiðarinnar, ákærði í málinu, hefði nefnt við þá Sigurð Eyþór að hann væri að flytja vinnuvélina fyrir Vegagerðina. Þær upplýsingar sagði vitnið engu hafa breytt fyrir störf þeirra.

Jón Hörður Elíasson, rekstrarstjóri hjá Vegagerðinni, skýrði svo frá fyrir dómi að hann hefði haft samband við ákærða símleiðis og beðið hann um að sækja bilaða dráttarvél með áföstum ámoksturstækjum í Bitrufjörð. Fram kom hjá vitninu að það hefði nokkurn veginn vitað hver þyngd vélarinnar væri. Þá bar vitnið að ákærða hefði verið fullkunnugt um hvaða vél væri að ræða, hana hefði ákærði margoft verið búinn að sjá.

Vitnið sagði ákærða, sem það kvað áður hafa tekið að sér verk fyrir Vegagerðina, ekki hafa talið það vandkvæðum bundið að sækja vélina. Fyrst hefði vitnið þó farið að bifreið þeirri sem ákærði hefði ákveðið að nota til verksins þar sem í fyrstu hefðu verið nokkur áhöld um hvort dráttarvélin kæmist á bifreiðina, þ.e. hvort hún væri nógu löng. Hefði vitnið farið og mælt bifreiðina og niðurstaða mælingarinnar verið sú að dráttarvélin kæmist á pall hennar. Að þeim upplýsingum fengnum hefði ákærði ekki talið það neinum vandkvæðum bundið að sækja vélina og það hefði hann gert nokkru síðar að vitninu viðstöddu.

Spurt um hvort það hefði talið að umrædd bifreið bæri þyngd dráttarvélarinnar svaraði vitnið: „Ég hef ekki, það er við höfum ekki skráningarvottorð eða burðargetuskráningu ef við biðjum menn um að koma í vinnu. Þeir eiga að hafa það alveg sjálfir hjá sér.“

Þá bar Sverrir Guðbrandsson, verkstjóri hjá Vegagerðinni, fyrir dómi að síðastliðin tvö til þrjú ár hefði ákærði af og til tekið að sér verk fyrir Vegagerðina. Hefði þar fyrst og fremst verið um malarflutninga og skyld verk að ræða.

IV.

Fyrir liggur með vætti umferðareftirlitsmannanna Valdimars Ágústs Steingrímssonar og Sigurðar Eyþórs Valgarðssonar að þeir stöðvuðu akstur ákærða á vörubifreiðinni VV-360 við söluskála N1 á Hólmavík 17. ágúst 2007. Hefur ekkert komið fram í málinu er hnekkir þeim niðurstöðum vigtunar umferðareftirlitsmannanna á bifreiðinni sem fram koma í ákæru. Þá hefur heldur ekkert það fram komið sem styður ummæli ákærða í lögregluskýrslu í þá veru að þyngd bifreiðarinnar sé ekki réttilega skráð í Ökutækjaskrá. Verður þyngdarskráning bifreiðarinnar þar því lögð til grundvallar niðurstöðu í málinu, en í Ökutækjaskrá er burðargeta framáss sögð 3100 kg og afturáss 4800 kg. Þá er eiginþyngd bifreiðarinnar sögð 5160 kg og leyfileg heildarþyngd hennar 7490 kg.

Upplýst er að ákærði tók að sér, að beiðni Jóns Harðar Elíassonar, rekstrarstjóra hjá Vegagerðinni, að sækja bilaða dráttarvél með áföstum ámoksturstækjum fyrir Vegagerðina í Bitrufjörð. Var ákærði að sinna því verki á bifreiðinni VV-360 er fyrrnefndir umferðareftirlitsmenn höfðu af honum afskipti 17. ágúst 2007 samkvæmt áðursögðu. Ákærði bar sem ökumaður bifreiðarinnar ábyrgð á því að

hleðsla hennar væri lögum samkvæmt og getur sú staðreynd að verkkaupi hans umrætt sinn var Vegagerðin engu breytt í því sambandi. Að því virtu og með vísan til alls framangreinds þykir fram komin lögfull sönnun þess að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá sem í ákæru greinir og varðar við 6. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 155/2007 um stærð og þyngd ökutækja, sbr. 1. mgr. 76. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Brot ákærða er í ákæru heimfært til 6. mgr. 10. gr. laga nr. 155/2007 um stærð og þyngd ökutækja, sbr. 1. mgr. 76. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Í munnlegum málflutningi leiðrétti sækjandi þá misritun í ákæru að í stað „... laga nr. 155/2007 ...“ hafi átt að standa „... reglugerðar nr. 155/2007 ...“ Með vísan til 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála þykir rétt að dæma áfall á hendur ákærða þrátt fyrir þessi mistök við ritun ákæru, enda um augljósa ritvillu að ræða og ljóst að vörnum ákærða hefur ekki verið áfátt þess vegna.

V.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærði ekki gerst sekur um refsiverða háttsemi sem áhrif hefur á ákvörðun refsingar í máli þessu.

Að broti ákærða virtu þykir refsing hans hæfilega ákveðin 90.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi átta daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Samkvæmt úrslitum málsins, sbr. 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991, dæmist ákærði til að greiða allan sakarkostnað. Hann greiði því málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar hrl., er hæfilega þykja ákveðin 125.496 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum, sem og ferðakostnað verjanda, 25.960 krónur.

Dóm þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari, en uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna starfsanna dómara.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Daníel G. Ingimundarson, greiði 90.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi átta daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Ákærði greiði 151.456 krónur í sakarkostnað.

Kristinn Halldórsson